

## 1. Almennt

Laxey hf. (kt. 660521-1270, áður Icelandic Land Farmed Salmon), Strandvegi 104, 900 Vestmannaeyjum sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 7.000 tonna hámarkslífmassa í matsfiskseldi á laxi og regnbogasilungi þann 2. mars 2023.

Eldisstöð Laxeyjar hf. í Viðlagafjöru er staðsett á landi með frárennsli í sjó. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að allt frárennsli fer í gegnum rist í hverju kerri sem hæfir stærð fisksins sem er í kerinu hverju sinni og heldur svo áfram í gegnum viðtakatjörn stöðvarinnar. Ef til þess komi að fiskur komist úr viðtakatjörn í frárennsli stöðvar þá er fjallað um möguleika í umhverfismatsskýrslu á að hafa fiskigildru staðsetta þar. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í kórum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 13. maí til 10. júní 2024 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

### 2.1 Inngangur

Laxey hf. lagði fram umhverfismatsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 27. apríl 2022 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 29. desember 2022. Umhverfismatsskýrslan og álitid ná yfir framkvæmdina í Viðlagafjöru en einnig til framkvæmdarinnar í Friðarhöfn. Ekki verður tekin afstaða til framkvæmda í Friðarhöfn við útgáfu þessa rekstrarleyfis þar sem rekstrarleyfi fyrir þá framkvæmd hefur verið gefið út. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna umhverfismatsskýrslu þann 4. október 2022.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir því að aðalvalkostur fælist í því að byggja nýja eldisstöð í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Staðsetningin er á svæði sem þegar hefur verið raskað og einnig er hún hentug með tilliti til nálægðar við höfnina. Stefnt er að því að seiði verði alinn upp í seiðaeldisstöð í Friðarhöfn og verði flutt á sérútbúnum seiðaflutningavögnum (tankbílum) til matfiskseldis í eldisstöðinni í Viðlagafjöru. Áætlað er að nýta jarðsjó og hlýjan yfirborðssjó í eldisstöðinni í Viðlagafjöru. Fjallað var um valkosti, núllkost, staðsetningar, vatnsnýtingu, fjölda seiða og tækni. Markmið framkvæmdarinnar er að ala laxseiði og skapa rými fyrir iðnað í formi fiskeldis í Vestmannaeyjum.

Matvælastofnun hefur kynnt sér framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, álit Skipulagsstofnunar og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Laxeyjar hf. í Viðlagafjöru er í samræmi við kynnta framkvæmd.

### 2.2 Vatnstaka

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að áfangaskipta fyrirhuguðum framkvæmdum sem framkvæmdaraðili áformar í Vestmannaeyjum til þess að unnt sé að meta betur áhrif grunnvatnsvinnslunnar með hliðsjón af vöktun. Að

fram þurfi að koma í nýtingarleyfi skilyrði um áfangaskiptingu sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós viðtækari áhrif grunnvatnsvinnslu en gert hafi verið ráð fyrir.

Matvælastofnun bendir á að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn verði að liggja fyrir áður en vatnstaka er aukin og að Orkustofnun veiti leyfi til vatnstöku og gerð borhola vegna vatnstöku, að undangengnum rannsóknum skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu auk þess sem Orkustofnun hefur eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns.

### 2.3 Fráveita, úrgangur og viðtaki

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili fjallar um tvo kosti vegna fráveitu. Samkvæmt aðalvalkosti áformar framkvæmdaraðili losun á fráveitu í viðtakatjörn og verður hreinsun með þeim hætti að í eldiskerjum verða tromlusíur sem sía frá fóðurleifar og úrgangsefni. Hreinsun á eldisvatni verður töluverð með þessum valkosti, þar sem tromlusía hreinsar u.þ.b. 75% fastefnis. Fastefni sem tromlusíur hreinsa frá verður mögulega nýtt til landgræðslu. Annar valkostur við losun fráveitu er að veita fráveituvatni úr eldiskerjum til sjávar um stökk sem endi í varnargarði neðan við eldisstöðina, þaðan sem fráveituvatnið streymi til sjávar. Framkvæmdaraðili gengur út frá að ekki verði notast við lyf í eldisstarfsemi, fyrir utan bólusetningarlyf. Af þessum sökum verður ekki um lyfjaleifar að ræða í eldisvatni eða fastefni frá eldisstöðinni.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gengið verði úr skugga um að sjór og lífríki fjöru verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum fráveitu og því þurfi að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka. Skipulagsstofnun telur að áhrif frárennslis á viðtakann/sjó og lífríki fjöru séu ekki líkleg til að verða veruleg, óháð valkostum. Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að gengið verði úr skugga um að sjór og lífríki fjöru verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum fráveitu og því þurfi að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og ástandi viðtaka. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið og bendir á að tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar, áhættan sé því takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við í samráði við eftirlitsaðila. Einnig bendir stofnunin á að notkun fastefnis til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar.

### 2.4 Landslag, ásýnd og útivist

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að ljóst er að framkvæmdarsvæði við Viðlagafjöru bera sterk merki mannglegra umsvifa. Fjölsóttir áningarstaðir eru í grennd við svæðið auk þess sem Viðlagafjara og svæðið umhverfis er innan verndarsvæðis á náttúruminjasrá vegna stórfenglegs landslags og fræðslugildis um myndun og mótun lands. Skipulagsstofnun telur að líta verði svo á að áhrif á landslag og ásýnd sem og á útivist verði svæðisbundið nokkuð neikvæð. Fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að breyta ásýnd svæðisins til frambúðar og upplifun íbúa og vegfarenda sem stunda útivist sem eiga leið um svæðið kemur til með að breytast. Leggja þarf áherslu á að vanda hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar þar sem slík atriði eru líkleg til að draga mjög út ásýndaráhrifum framkvæmdarinnar. Slíkar áherslur þurfa að rata inn í framkvæmdar- og byggingarleyfi. Matvælastofnun tekur undir ofangreint sjónarmið Skipulagsstofnunar.

### 2.5 Lyktarmengun

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að framkvæmdaraðili hyggist bregðast við mögulegri lyktaruppsprettu frá starfsemi með því að viðhafa reglulega hreinsun á dauðfiski auk þess sem úrgangi frá slátrun og fastefni verða flutt og geymd í lokuðum tönkum. Áform eru um að nota lífrænan úrgang sem fellur til við eldið, til uppgæðslu í samstafi við Landgræðsluna og Vestmannaeyjabæ. Mikilvægt er að fylgst verði með hvort ólyktar kunni að gæta vegna starfseminnar. Verði vart við lyktarmengun þá verður að vera unnt að grípa inn í um leið. Skipulagsstofnun telur ljóst að áhrif af völdum lyktarmengunar frá starfsemi eldisins í Viðlagafjöru geti annars

vegar orðið nokkuð neikvæð en ætti í öllum tilfellum að vera tímabundin og afturkræf og takmarkast við nærsvæði starfseminnar. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar og bendir einnig á að notkun lífræns úrgangs sem fellur til við uppgræðslu er háður samþykki Matvælastofnunar.

## 2.6 Jarðefnalager Vestmannaeyja

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að ljóst er að um er að ræða varanlegt jarðefnanám af bögglabergi sem er takmörkuð auðlind í Vestmannaeyjum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á jarðefnalager sveitarfélagsins verði að nokkru leyti háð verktilhögun framkvæmdaraðila og þær mótvægisáðgerðir sem boðaðar hafa verið. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar.

## 2.7 Atvinnulíf og byggðapróun

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að almennt má gera ráð fyrir að uppbygging landeldis í Vestmannaeyjum fjölgi atvinnutækifærum á svæðinu. Gera má ráð fyrir því að uppbygging eldisins kalli á aðflutning fólks til að manna störf og þau störf sem kunna að losna vegna tilfærslu fólks í fiskeldi úr öðrum greinum. Skipulagsstofnun telur að áhrif á samfélag og efnahag séu óvissu háð, en geti orðið jákvæð í nærsamfélaginu. Matvælastofnun tekur undir þessi sjónarmið Skipulagsstofnunar.

## 2.8 Fuglalíf

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að áhrif á fuglalíf verði mögulega háð þeim valkostum um fráveitu og mótvægisáðgerðum sem hafa verið kynntar. Sá valkostur sem felur í sér losun frárennslis í viðtakatjörn vera síður til þess fallinn að valda neikvæðum áhrifum á fugla, vegna ítarlegri hreinsunar frárennslis. Hins vegar ef sá kostur verði fyrir valinu að veita frárennslis beint til sjávar, sé viðbúið að fæðuframboð aukist fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni Viðlagafjörú. Líklegt er að fiskur komi til með að sækja í æti við útfall frárennslis sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla. Þar af leiðandi getur aukið fæðuframboð í nágrenni útfallsins leitt til staðbundinnar fjölgunar tiltekinnar fuglategunda. Ef eldið leiðir til fjölgunar máva við Viðlagafjörú er mögulegt að afránsprýstingur hjá öðrum fuglum sem nýta svæðið geti aukist. Skipulagsstofnun telur því að áhrif á fuglalíf m.t.t. þess valkostar að losa frárennslis beint til sjávar geti mögulega verið nokkuð neikvæð en staðbundin. Skipulagsstofnun telur að tilefni sé til að vakta áhrif eldisins á fuglalíf í Viðlagafjörú og nágrenni og að ástæða sé til að kveða á um slíkt í starfsleyfi. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið en tekið er tillit til þessara þátta í vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar.

## 2.9 Jarðmyndanir og verndarsvæði

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin taki undir með Náttúrufræðistofnun um nauðsyn þess að taka tillit til sérstöðu svæðisins m.t.t. staðsetningar í nágrenni jarðfræðiminja sem hafa hátt verndargildi. Auk þess tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun að jákvætt er að ákveðið hefur verið að byggja upp núverandi veg frekar en að raska hrauni sem njóti verndar. Viðbúið er að svo umfangsmikil framkvæmd hafi áhrif á heildarásýnd svæðis, sem nýtur verndar vegna stórfenglegs landslags en framkvæmdasvæðið er hluti af og tilheyrir svæði sem hefur verið raskað vegna efnistöku fyrri tíðar og annarri starfsemi. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar muni ekki hafa veruleg áhrif á eldhraun umfram það sem þegar er orðið og komi ekki til með að rýra verndargildi þess en stofnunin leggur ríka áherslu á að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði staðið þannig að verki að hrauninu verði ekki raskað meira en þegar er orðið. Matvælastofnun tekur undir ofangreind sjónarmið Skipulagsstofnunar.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Vestmannaeyjabæjar þann 6. mars 2023. Umsagnir bárust ekki frá Hafrannsóknastofnun og Vestmannaeyjabæ.

#### Umsögn barst frá Fiskistofu dagsett, 14. mars 2023.

- Fiskistofa bendir á að þeir áhættuþættir sem horft er til vegna fiskeldisstöðvæðingaráttáráðnaða á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geti smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.
- Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugsað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskur sleppi séu litlar. Fiskistofa bendir Matvælastofnun á það að gera ströng skilyrði um að það verði tryggt í hugsanlegu rekstrarleyfi.
- Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætta á að smit berist í villta stofna, hægt er að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.
- Fiskistofa telur að fyrirhugað fiskeldi sé ekki líklegt til að hafa áhrif á náttúrulega stofna laxfiska og sé því ekki líklegt til að hafa neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif.

Matvælastofnun bendir á að í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og einnig eru ristar í brunnum sem dauðfiskur safnast í. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar. Frárennsli stöðvarinnar verður vaktað samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækisins sem Umhverfisstofnun samþykkir.

### 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Laxeyjar hf. í Viðlagafjöru, Vestmannaeyjum. Rekstrarleyfið heimilar 7.000 tonna hámarkslífmassa í matfiskseldi á laxi og regnbogasilungi í eldisstöðinni í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 21. júní 2040.

Selfoss, 21. júní 2024